



Pjóðarbókhlaðan minnir á miðaldakastala með turnum sínum, skotraumum í álskjöldunum, síkjum og brú. Mynd Jim Smart.

Vestur á Melum stendur þrettán þúsund fermetra hús sem enn hýsir einungis vinda himinsins en var reist til að rúma handrit, hljóðsnældur, plötur, geisladiska og miljón bækur. Það heitir Pjóðarbókhlaða og starfsemin sem það á að hýsa heitir Pjóðbókasafn. Og menn spyrja: Hvernær verður flutt í þetta mikla menningarhús?

Ályktunin komin á fertugsaldur

Það var árið 1957 sem Alþingi ályktaði að sameina ætti eins fljótt og hægt væri Háskólasafn og Landsbókasafn í eitt bókasafn sem yrði aðalsafn landsins í fjölmörgum greinum mennta og vísinda. Áratug síðar var stofnaður byggingarsjóður og Gylfi Þ. Gíslason skýrði frá því að nýju bókasafnhúsi hefði verið úthlutað löðinni vestan við Melavöllinn; enn einum áratug síðar voru teikningar að Pjóðarbókhlaðu samþykktar. Fyrsta skóflustunga var tekin 1978, og smám saman reis húsið með sérkennilegum háum og mjóum gluggum sínum. Þegar núverandi Bandaríkjaforseti heimsótti Ísland í varaforsetatíð sinni og hljóp morgunhlaupið sitt á Melavellinum voru öryggisverðir hans lafhræddir við þennan mikla miðaldakastala með skotraumum og bjuggust sifflit við áras þaðan.

Hornsteinn var lagður 1981 og nú er húsið að mestu tilbúið undir tréverk. Talað er um að flutt verði inn í það 1992-3.

Af þessu tilefni boðaði stjórn Háskólabókasafns til fundar á föstudaginn, í samráði við Landsbókasafn og byggingarnefnd Pjóðarbókhlaðu, til að kynna fréttamönnum og framámönnum húsið og starfsemina sem það á að hýsa fallbúið. Kalt var í vedri þennan dag og næddi um fundarmenn í víðum steinsalnum þar sem einhvern tíma verður meðal annars vel búinn fyrirlestrasalur fyrir hundrað gesti.


Mörg húbýli

Finnbogi Guðmundsson landsbókavörður gekk með gestum um hið mikla hús eftir brýningaræður og myndasýningu úr erlendum söfnum. Hann byrjaði efst, uppi á fjórðu hæð, og innréttaði snarlega á þriðja þúsund fermetra, kom þar fyrir stólum og vinnuborðum fyrir nokkur hundruð manns, hillum undir erlendan ritakost, snældur, hljómplötur og geisladiska, myndbönd, kvikmyndir og skyggjur og kennslustofum fyrir bókasafnsfræði.

Á þriðju hæð verður einnig rými fyrir fólk sem vill vinna á safninu, en alls verða í húsinu um 800 lessæti fyrir gesti safnsins. Þarna verður hins vegar aðal-tímaritageymsla safnahússins, bæði innlend og erlend tímarit í

Ofarlega á forgangslista

Áróðursfundur um Pjóðarbókhlaðu sem áætlað er að taka í notkun eftir fjögur ár



Pversnið af Pjóðarbókhlaðu með skýringum. A sjálfbeina merkir að þar nái gestir sér sjálfir í bækur og tímarit.

stórum stíl, og öll þjónusta varðandi þau.

Svo hjartanlega velkominn

Önnur hæð hússins er aðalhäð þess, inn á hana koma gestir yfir

brúna inn í forhýsi og blasir þá við þeim rúmgóð afgreiðsla. Finnbogi sagðist jafnan hafa í huga, þegar hann hugsaði um þessa afgreiðslu, spjaldið í glugga Hjalpræðishersins þar sem hefði staðið: Af hverju kemurðu ekki inn? Þú ert svo hjartanlega velkominn!

Á þessari hæð verða líka spjaldskrár og tölvuupplýsingar um gögn safnsins, sýningarsvæði, fyrirlestrasalurinn áður nefndi, kaffistofa og lessæti í handbóka-deild.

Öryggisvarsla verður við aðal-ingang og inn í bækur verða lagðar málmpynnur sem ýla ef af-

Áfram safnahús

Þegar flutt verður í Pjóðarbókhlaðu losnar húsnæði í fegursta húsi Reykjavíkurborgar að margra mati, Landsbókasafninu eða Safnahúsinu við Hverfisgötu við hliðina á Pjóðleikhúsinu. Skipuð hefur verið nefnd til að gera tillögur um framtíð þess en nefndarmenn verjast enn allra fréttu á niðurstöður. Þó var á þeim og menntamálaráðherra að skilja að húsið yrði áfram safn af einhverju tagi.

SA



Tryggvi Ólafsson málari ræðir við Hörð Helgason sendiherra í nýja sýningarsalnum

Myndlist

Nýtt gallerí

Fyrir í þessum mánuði var opnað nýtt gallerí í gömlu friðuðu húsi við Amaliegötu í Kaupmannahöfn. Galleríið ætla fyrst og fremst að þjóna nýrri norrænni myndlist og hlaut nafnið SCAG (Scandinavian Contem-

porary Art Gallery). Fyrsta sýningin er á nýrri íslenskrí list, sam-sýning margra listamanna sem eins konar forsmekkur, því mörgum þeirra eiga gestir eftir að kynna nánar. Núna á föstudaginn verður svo fyrsta einkasýningin opnuð, þar sýnir Hafsteinn Austmann 30 ný málverk.

Íslenski dansflokkurinn Leggur land undir fót

Hlíf Svavarsdóttir vann í fyrra fyrstu verðlaun fyrir ballettinn „Af mönnum“, við tónlist Þorkels Sigurbjörnssonar, í keppni ungra danshöfundar í Osló. Nú hefur Íslenska dansflokkurinn boðist að sýna verk Hlífur á heilskvöldssýningum í fjórum óperuhúsum Norðurlanda í haust, Svenska teatern í Helsinki, Stora

teatern í Gautaborg, Södra teatern í Stokkhólmi og Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn.

Háskólatónleikar Víola og píanó

Á Háskólatónleikunum í dag kl. 12.30 í Norræna húsinu leika Helga Þórarinsdóttir og Þorsteinn Gauti Sigurðsson saman á víólu og píanó sönöður eftir J. S. Bach og Boccherini og útsetningu á adagiokafli úr Toccötu fyrir orgel eftir Bach.

Myndlist

Ásgerður í Borg

Ásgerður Búadóttir opnar sýningu á nýu verkum í Gallerí Borg á morgun, fimmtudag, kl. 17.00. Elsta verkið er frá 1986 en það

nýjasta var tekið úr vefstólnum fyrir fáeinum dögum.

Þetta er sjöunda einkasýning Ásgerðar hér á landi.

„Myrkir músikdagar“

Hljóðskúlptúrur

Þriðju tónleikar „Myrkra músikdaga“ verða haldnir í kvöld í Norræna húsinu og hefjast kl. 20.30. Á efnisskránni verður ný raf- og tölvutónlist, hljóðskúlptúrur eftir Jonathan Harvey, Paul Lansky, Þorstein Hauksson, Alistair MacDonald, Stefanos Vassiliadis og Kaija Saariho.

Verk Þorsteins heitir Chantouria og fjallar um ímyndað land söngva og dansa, töfra og galdra, ljóss og myrkurs. Það var samið að tilhlutan miðstöðvar nútímatónlistarrannsóknar í Aþenu 1987-8.